

Sérfræðiábyrgð lögmanna

Sjónarmið er lúta að stofnun bótakrafna lögmanna með hliðsjón af siðareglum lögmanna og úrskurðum úrskurðarnefndar Lögmannafélags Íslands

- BA ritgerð í lögfræði -

Andrea Guðmundsdóttir

Lagadeild

Félagsvísindasvið

Umsjónarkennari: Tómas Hrafn Sveinsson

Apríl 2012



HÁSKÓLI ÍSLANDS

EFNISYFIRLIT

1 Viðfangsefnið.....	2
2 Almennt um skaðabótaábyrgð.....	4
2.1 Bótagrundvöllur	5
2.2 Sakarreglan.....	6
3 Sérfræðiábyrgð.....	7
3.1 Ströng ábyrgð	7
3.2 Afbrigðileg beiting sönnunarreglna.	8
4 Lögmenn	10
4.1 Réttarreglur.....	10
4.1.1 Lög um lögmenn	10
4.1.2 Siðareglur lögmanna	12
4.1.3 Úrskurðarnefnd lögmanna.....	13
4.1.4 Þýðing siðareglna við mat á sök.....	14
4.2 Sérfræðiábyrgð lögmanna.	15
4.2.1 Ráðgjöf um ótvíræð lögfræðileg atriði.....	16
4.2.2 Ráðgjöf um vandasöm lögfræðileg atriði.....	16
4.2.3 Ábyrgð á framkvæmd einstakra starfa	18
5 Samantekt.....	22
Heimildaskrá	26
Dómaskrá	27
Lagaskrá	28

1 Viðfangsefnið

Segja má að starfstétt lögmanna í nútíma skilningi þess orðs, hafi orðið til með lögum nr. 32/1905. Þó voru fyrstu almennu lögin um lögmenn og störf þeirra ekki sett fyrr en tæpum fjórum áratugum síðar með lögum um málflytjendur nr. 61/1942. Þau lög giltu um lögmenn og skyldur þeirra til 1. janúar 1999, þegar lög um lögmenn nr. 77/1998 (hér eftir lml.) tóku gildi.¹

Lögmannafélag Íslands var stofnað 11. desember 1911, en það hét upphaflega Málflutningsmannafélag Íslands. Ekki þótti gott að nefna félagið „Lögmannafélag“ þar sem hugtakið lögmaður hafði rýmri merkingu þá en nú er. Árið 1944 var samþykkt að nafn félagsins skyldi breytast í Lögmannafélag Íslands þegar árið 1945 gengi í garð og það hefur félagið heitið síðan.²

Upphaflegi tilgangurinn með stofnun félagsins var að sinna hagsmunamálum málflutningsmanna. Í fyrstu voru félaginu ekki falin nein verkefni af hálfu opinberra aðila. Snemma bar þó á því að bæði leikmenn og lögmenn litu á félagið sem vettvang til að leysa úr málum er sneru að innbyrðis kvörtunum milli félagsmanna annars vegar og ágreiningsefnum milli viðskiptavina og lögmanna hins vegar.³ Félagið hafði þó ekkert agavald á upphafsárunum eins og raunin varð síðar. Þótt almennar reglur hafi ekki gert ráð fyrir agavaldi samræmdist það markmiði félagsins. Til að mynda sagði á almennum fundi félagsins 12. desember 1912 að það teldist brot á góðum siðum að virða úrskurði stjórnar félagsins að vettugi.⁴

Í 3. gr. lml. er kveðið á um að öllum lögmönnum sé skylt að vera félagsmenn í Lögmannafélagi Íslands (hér eftir LMFÍ), en lögmenn samkvæmt 1. gr. sömu laga eru þeir sem hafa leyfi til að vera hæstaréttarlögmenn eða héraðsdómslögmenn.

Störf lögmanna eru fjölbreytt. Starfið getur falist í ráðgjöf til viðskiptavinar sem sjálfur framkvæmir verkið, eða felur öðrum aðila framkvæmdina. Starfið getur einnig falist í því að lögmanni er falin framkvæmd verks sem viðskiptavinur hefur sjálfur tekið ákvarðanir um. Skilin þarna á milli eru sjaldnast greinileg og alla jafna felst starfið að hluta í ráðgjöf og að

¹ Ásgeir Thoroddsen: „Lögmannafélag Íslands 90 ára“, bls. 259.

² Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára – söguágrip“, bls. 274-275.

³ Oddný M. Arnardóttir: „Um samningssamband lögmanns og viðskiptavinar hans“, bls. 324. „Algengast mun vera að hugtökin *umbjóðandi* eða *skjólstæðingur* séu notuð um þann er þiggur þjónustu lögmanns. Hið fyrrnefnda vísar með skýrum hætti til samninga sem fela það í sér að lögmaður komi fram gagnvart þriðja aðila sem umboðsmaður viðskiptavinarins, en hið síðarnefnda vísar sterklega til trúnaðarsambands aðilja. Hvorugt atriðið er þó eina einkenni samningssambands aðilja og þykir því fara betur á því að nota hlutlausara orð en annað hvort hinna áðurnefndu. Hér eftir verður því orðið viðskiptavinur notað um þann sem leitar eða þiggur þjónustu lögmannsins, án tillits til þess hvort um einstakling eða lögaðila er að ræða.“ (leturbr. höf.)

⁴ Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára – söguágrip“, bls. 286.

hluta í framkvæmd verks. Sérfræðipækking lögmanna er það sem fyrst og fremst einkennir starf þeirra og er hún ein helsta ástæða þess að viðskiptavinir leita til lögmanna og vænting um sú þekking gagnist við úrlausn máls. Gildir þetta hvort sem starfið felst í framkvæmd verks eða ráðgjöf.

Starfsábyrgð lögmanna er skyld ábyrgð annarra sjálfstætt starfandi sérfræðinga, einkum háskólamenntaðra, sem taka að sér að sinna margvíslegri sérfræðipjónustu gegn gjaldi, t.d. arkitektar, endurskoðendur og verkfræðingar. Slík sérfræðipjónusta felur í sér að sérstaka fræðilega þekkingu þarf til starfans sem í raun er grundvöllur sjálfstæðrar atvinnustarfsemi sérfræðingsins.⁵

Ekki virðast allir vera á sama máli um hverjir teljast sérfræðingar í skilningi sérfræðiábyrgðar. Fremur þröngur skilningur virðist lagður í hugtakið í grein Oddnýjar M. Arnardóttur, *Um samningssamband lögmanns og viðskiptavinar hans*:

Lögmenn falla í flokk þeirra starfsstétta sem í íslensku lagamáli hafa gjarna verið kallaðar **sjálfstætt starfandi sérfræðingar**, en á dönsku **liberale erhverf**. Í þann sama flokk falla til dæmis læknar, arkitektar, verkfræðingar og endurskoðendur. Sameiginleg einkenni á störfum þessara aðilja eru að til að leysa þau af hendi þarf sérstaka fræðilega þekkingu og sú þekking er grundvöllur sjálfstæðrar atvinnustarfsemi sérfræðingsins.⁶

Í framhaldi af þessu segir hún m.a. að framangreind skilgreining sé nokkuð víðtækari en efni standa til, þar sem undir hana gætu fallið ýmis störf á sviði verslunar, iðnaðar og handverks. Einnig heldur hún því fram að þekking sérfræðinga í skilningi sérfræðiábyrgðar sé ekki byggð á verklegri reynslu eða tæknilegum hæfileikum heldur fræðilegum óhlutbundnum meginreglum og þankagangi sem þeir hafi tileinkað sér með rannsóknum, fræðilegri skoðun og greiningu álitaefna.⁷ Í þessu sambandi má líta til nýfallins dóms *Hrd. 8. desember 2011 (227/2011) (Sturtudómur)* þar sem höfðað var mál á hendur rafvirkjum, vegna tjóns sem SP kvaðst hafa orðið fyrir þegar rafstraumur fór um hana er hún var í sturtu á heimili sínu. Sannað var í málinu að rafmagnsleiðslur voru ranglega tengdar í íbúð SP (röng tenging á jarðtaug við núllskinnu í stað jarðskinnu). Hins vegar var að áliti dómkvaddra matsmanna ekki talið mögulegt að hin ranga tenging rafmagnsleiðslanna hefði ein og sér getað orsakað slysið. Af þeirri ástæðu voru rafvirkjarnir sýknaðir af skaðabótakröfu SP. Í dóminum virðist því þó slegið föstu að rafvirkjarnir hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með rangri tengingu raflagnanna. Er því hægt að segja að sönnunarkröfum um orsakatengsl hafi verið hliðrað til (nánar fjallað um síðar) þannig að rafvirkjarnir þurftu að sanna að hin ranga tenging hefði

⁵ Gestur Jónsson: „Skaðabótaábyrgð lögmanna“, bls. 153.

⁶ Oddný M. Arnardóttir: „Um samningssamband lögmanns og viðskiptavinar hans“, bls. 324.

⁷ Oddný M. Arnardóttir: „Um samningssamband lögmanns og viðskiptavinar hans“, bls. 324-325.

ekki ein og sér getað valdið slysinu, eins og gert var með mati hinna dómkvöddu matsmanna. Af dómsniðurstöðunni má því draga þá ályktun að hér hafi í reynd verið um sérfræðiábyrgð rafvirkja að ræða og þar af leiðandi ekki forsendur til jafn þröngs skilnings á því hverjir teljast sérfræðingar í skilningi sérfræðiábyrgðar eins og Oddný M. gerir í framangreindri grein. Ekki er þó skýrt af forsendum dómsins hvort beitt sé ströngu sakarmati við mat á sök.

Með hliðsjón af framangreindu þykir hér réttara að nota hugtakið sérfræðiábyrgð í rýmri merkingu. Heppilegra er að notast frekar við viðmið en að telja upp tiltekna starfsstéttir þegar skorið er úr um hverjir falli undir hugtakið sérfræðingur. Viðar Már Matthíasson setur þessi viðmið fram með eftirfarandi hætti, í ritinu *Skaðabótaréttur*:

- Hafa hlotið fræðilega menntun og/eða starfsþjálfun í þeirri tilteknu grein eða á því tiltekna starfssviði, sem um ræðir.
- Hin faglega þekking þeirra og reynsla er grundvöllur ráðgjafar þeirra eða vinnu þeirra við það verkefni, sem þeim hefur verið falið að vinna.
- Þjóða fram sérfræðiþekkingu sína eða reynslu, yfirleitt gegn greiðslu.⁸

Viðar segir svo í framhaldi af þessu að rýmkun hafi átt sér stað á sviði sérfræðiábyrgðar á undanförnum áratugum⁹ og kann það að skýra mismunandi nálgun framangreindra sérfræðinga á hugtakinu sérfræðiábyrgð.¹⁰

Starfsábyrgð lögmanna má skipta í tvo meginflokk, refsíábyrgð og skaðabótaábyrgð.¹¹ Í þessari ritgerð verður ekki fjallað um refsíábyrgð lögmanna enda heyrir slík umfjöllun samkvæmt eðli máls undir svið refsiréttar. Hér verður rætt nánar um skaðabótaábyrgð lögmanna, sem takmarkast þó að mestu leyti við svokallaða sérfræðiábyrgð.

2 Almennt um skaðabótaábyrgð

Segja má að krafan um fébætur fyrir misgerðir sé samgróin mannlegu eðli. Til forna var fébótum beitt bæði sem refsingu og til greiðslu skaðabóta. Skaðabótaréttur og refsiréttur tvinnuðust þannig saman svo að oft var torvelt að greina þar á milli. Refsieðli skaðabóta heyrir nú að mestu sögunni til en skaðabætur gegna þó enn ákveðnu friðunarhlutverki.¹²

⁸ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 503.

⁹ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 503.

¹⁰ Arnljótur Björnsson: „Stutt yfirlit um skaðabótaskyldu lögmanna og önnur bótarúrræði“, bls. 78. Þar kemst Arnljótur svo að orði um sérfræðiábyrgð: „Skaðabótaábyrgð lögmanna er ein grein þess réttarsviðs, sem á norðurlandamálum nefnist „professionansvar“ og á ensku „Professional Liability“, en það er bótaskylda sérfróðra manna, einkum háskólamenntaðra, er taka að sér gegn gjaldi ýmiss konar sérfræðiþjónustu og stunda þá starfsemi sem sjálfstæðan atvinnurekstur. Auk lögmanna koma hér helst til greina, endurskoðendur, lækningar, arkitektar og verkfræðingar, sem hafa ráðgjafastörf með höndum.“ Virðist af þessu sem Arnljótur leggi svipaðan skilning í það hverjir geti talist sérfræðingar og Oddný M. gerir í áður nefndri grein sinni.

¹¹ Gestur Jónsson: „Skaðabótaábyrgð lögmanna“, bls. 153.

¹² Gizur Bergsteinsson: „Nokkur sjónarmið í skaðabótarétti“, bls. 88.

Skaðabótaréttur sem sjálfstæð fræðigreinin er ekki ýkja gömul, eða um 150 ára. Með árunum hefur greinin orðið býsna yfirgrípsmikil og oft á tíðum flókin, svo að erfitt getur verið að hafa yfirsýn yfir allar þær reglur sem gilda um réttarsviðið.¹³ Í ritinu *Skaðabótaréttur* kemst Viðar Már Matthíasson svo að orði um skaðabótarétt:

Í stuttu máli má því segja, að fræðigreinin skaðabótaréttur fjalli um, hver séu skilyrði þess að skaðabótakrafa stofnist og hvernig fjárhæð hennar sé ákvörðuð, hvaða reglur gildi um hana þar til hún verður greidd eða henni lýkur af öðrum ástæðum, svo sem fyrir fyrningu.¹⁴

Á þessari staðhæfingu verður að hafa þann fyrirvara að skaðabótaréttur fjallar einungis um skaðabætur utan samninga. Bætur innan samninga eru viðfangsefni kröfuréttar. Aukinheldur eru ýmsar skaðabótakröfur sem teljast utan samninga ekki teknar til umfjöllunar í skaðabótarétti, þ.e. fjárkröfur um skaðabætur fyrir almennt fjártjón.¹⁵ Þegar um er að ræða bætur innan samninga, eins og í kröfurétti, verður til samningssamband milli aðila áður en til skaðabótaábyrgðar kemur, en í skaðabótarétti stofnast réttarsamband milli aðila við hina skaðabótaskyldu háttsemi.¹⁶

Í þessari ritgerð er ekki rúm til að fara í alla þá þætti sem eru viðfang skilgreiningar Viðars Márs; verður að mestu látið nægja að fara yfir þau sjónarmið er lúta að stofnun bótakrafna lögmanna.

2.1 Bótagrundvöllur

Með bótagrundvelli er átt við þá reglu sem skaðabótaábyrgð byggist á hverju sinni. Slík bótaábyrgð getur ekki komið til álita nema uppfyllt séu skilyrði þeirrar reglu sem gildir um bótagrundvöllinn í hverju tilvik fyrir sig. Vanalega er miðað við fjóra möguleika sem gilt geta um bótagrundvöllinn, þ.e. sakarreglan, reglan um hlutlæga ábyrgð, vinnuveitendaábyrgð og sakarlíkindareglan. Á tjónþola hvílir almennt sú skylda að sanna að tjóni hans hafi verið valdið með skaðabótaskyldum hætti.¹⁷

Áður en lengra er haldið í umfjöllun um sérfræðiábyrgð er rétt að gera grein fyrir sakarreglunni en sérfræðiábyrgð felst einmitt í því þegar þeirri reglu er beitt með ströngum hætti.

¹³ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 35, og Gizur Bergsteinnsson: „Nokkur sjónarmið í skaðabótarétti“, bls. 88.

¹⁴ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 40.

¹⁵ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 40.

¹⁶ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 45.

¹⁷ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 137.

2.2 Sakarreglan

Sakarreglan á rætur að rekja til rómversks réttar, en hún ruddi sér rúms á Norðurlöndunum á 19. öld. Hún er meginreglan um bótagrundvöllinn í íslenskum rétti og algengast er að bótaábyrgð sé reist á henni.¹⁸ Reglan er skilgreind á eftirfarandi hátt:

Maður ber skaðabótaábyrgð á tjóni, sem hann veldur með saknæmum (þ.e. af ásetningi eða gáleysi) og ólögætum hætti, enda sé tjónið sennileg afleiðing af hegðun hans og raskar hagsmunum, sem verndaðir eru með skaðabótareglum. Það er og skilyrði, að sérstakar og huglægar afsökunarástæður eigi ekki við um tjónvald, svo sem æska eða skortur á andlegri heilbrigði.¹⁹

Í skilgreiningunni er skilyrðið um orsakatengsl ekki tilgreint sérstaklega enda felst sá skilningur í orðalaginu: „valdið með saknæmum og ólögætum hætti“.²⁰

Gáleysi er ekki skilgreint í lögum, en það nægir almennt til þess að skaðabótaskylda stofnist í skaðabótarétti; stundum er gerð krafa um stórkostlegt gáleysi.²¹ Viðar Már Matthíasson skilgreinir gáleysi hins vegar þannig í áður nefndu riti sínu:

Gáleysi er almennt skilgreint svo, að það sé þegar ekki er gætt þeirrar varkárni, sem ætlast má til.²²

Gáleysi (culpa) er sú huglæga afstaða manns, sem felst í vilja hans. Með vilja í þessu sambandi er ekki átt við vilja til að valda tjóni, heldur vilja til þess að viðhafa tiltekna háttsemi.²³

Arnlfjótur Björnsson orðar gáleysi svo í ritinu *Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur*:

Gáleysi (á latínu „culpa“) er saknæm hegðun, sem ekki er á eins háu stigi og ásetningur. Í skaðabótarétti merkir gáleysi hegðun, sem felur í sér umtalsverða hættu á að tjón verði.²⁴

Þessar skilgreiningar eru nokkuð samhljóða þrátt fyrir misjafnt orðalag og má segja að almennt sé samdóma skilningur meðal fræðimanna um hvað felist í hugtakinu gáleysi.

Sakarreglan, eins og hugtakið gáleysi, er ólögfest í íslenskum, dönskum og norskum rétti. Þrátt fyrir það eru fjölmörg lagaákvæði sem gera ráð fyrir tilvist reglu um að sök sé grundvöllur skaðabótaábyrgðar. Af dómaframkvæmd má sjá að dómara reyna sjaldnast að lýsa inntaki reglunnar þrátt fyrir að ábyrgð sé byggð á henni, heldur er látið nægja að slá því

¹⁸ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 137-138, og Gizur Bergsteinsson: „Nokkur sjónarmið í skaðabótarétti“, bls. 89. Gizur nefnir regluna gáleysisregluna eða culpaparegluna, en samkvæmt Viðari Má hefur hvorugt þessara heita náð fótfestu í íslensku lagamáli.

¹⁹ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 52, og Arnlfjótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 58.

²⁰ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 140.

²¹ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 45.

²² Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 53.

²³ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 146.

²⁴ Arnlfjótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 58.

föstu hvort um skaðabótaskyldu sé að ræða eða ekki. Má því segja að sakarreglan spanni tjón sem eru tjónvaldi að kenna og hefði verið unnt að komast hjá hefði hann hagað sér eins og gera mátti kröfu til.²⁵

Í öðrum tilvikum, en þegar sakarreglan er bótagrundvöllurinn, er talað um víðtæka ábyrgð þ.e. vinnuveitendaábyrgð, sakarlíkindareglu og hlutlæga ábyrgð.²⁶ Ekki verður þó fjallað frekar um þessar reglur hér.

3 Sérfræðiábyrgð

Sakarreglan er meginreglan um bótagrundvöllinn í skaðabótarétti. Sönnunarmat á grundvelli sakarreglunnar getur verið breytilegt og er stundum gengið svo langt að sönnunarbyrði er færð frá tjónþola til tjónvalds. Þegar svo stendur á er um að ræða svokallaða sakarlíkindareglu, þ.e. tjónvaldi er gert að sanna að hann hafi ekki valdið tjóni með saknæmum hætti. Þessi beiting sönnunarreglna er vissulega íþyngjandi í ákveðnum tilvikum, stundum þannig að í raun er ábyrgðin jafn víðtæk og þegar um hlutlæga ábyrgð er að ræða. Á undanförunum áratugum hefur sú þróun hins vegar verið hjá dómstólum að dæma skaðabótaábyrgð frekar á grundvelli sakarreglunnar og ná þannig fram markmiðum um strangari ábyrgð, án þess að beitt sé víðtækum ábyrgðarreglum. Er þessi stranga beiting sakarreglunnar helst notuð á sviði svokallaðrar sérfræðiábyrgðar.²⁷

3.1 Ströng ábyrgð

Í skaðabótarétti er almennt viðurkennt að gera megi ríkari kröfur til vandaðri vinnubragða hjá sumum starfsstéttum. Þetta á sér oft stoð í lögum er um starfsstéttirnar gilda, en leiðir þó stundum af öðrum atvikum, til dæmis broti gegn óskráðum siðareglum. Að jafnaði leiðir allt gáleysi til skaðabótaábyrgðar þegar um ráðgjöf eða þjónustu er að ræða á grundvelli þessarar sérþekkingar.²⁸

Framkvæmdin hefur verið sú að sönnunarreglum er beitt með öðrum hætti en almennt tíðkast, þ.e. sönnunarreglum er hliðrað tjónþola í vil. Þau rök sem færð hafa verið fyrir þessari beitingu sönnunarreglna eru að sérfræðingur stendur að jafnaði betur að vígi en tjónþoli til að tryggja sér sönnun um málsatvik. Í sumum tilvikum er sérfræðingi beinlínis skylt samkvæmt

²⁵ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 138.

²⁶ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 53.

²⁷ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 215-216.

²⁸ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 200, og Gestur Jónsson: „Skaðabótaábyrgð lögmanna“, bls. 157, og Gizur Bergsteinsson: „Nokkur sjónarmið í skaðabótarétti“, bls. 100.

lögum að sjá um öflun gagna og veita upplýsingar til sönnunar um málsatvik.²⁹ Má sem dæmi nefna 10. gr. laga um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 þar sem beinlínis er mælt fyrir um þessa tilkynningarskyldu hjá heilbrigðisstofnunum, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum sem veita heilbrigðisþjónustu. Þessum aðilum er skylt að tilkynna landlækni um óvænt atvik sem valdið hafa, eða geta valdið sjúklingi, alvarlegu tjóni. Auk þess er þeim er skylt að upplýsa sjúkling og nánustu aðstandendur ef það á við.

3.2 Afbrigðileg beiting sönnunarreglna

Eins og áður sagði felst sérfræðiábyrgð í afbrigðilegri beitingu sönnunarreglna; þeim er hliðrað tjónþola í vil. Í þessu sambandi er þrennt sem hafa ber í huga. Í fyrsta lagi sönnun um atvik, í öðru lagi frávik frá sönnun um tjón og fjárhæð tjóns. Í þriðja lagi er slakað á kröfum um orsakatengsl.³⁰

Varðandi frávik um sönnun á tjónsatvikum er gjarnan vísað til tjóns sem verður t.d. í sambandi vinnuveitanda og starfsmanns. Helst ber að nefna þegar vinnuveitandi vanrækir að tilkynna slysi sem verður á vinnustað, en þá er oft slakað á sönnunarkröfum tjónþola um að tjóninu hafi verið valdið með saknæmum og ólögumætum hætti. Einnig er oft vikið frá sönnun um atvik að tjóni, þ.e. að sérfræðingur hafi sýnt af sér saknæma háttsemi þegar tjónþoli hefur leitt líkur að því að tjóni hafi verið valdið með saknæmri háttsemi.³¹ Nefna má sem dæmi *Hrd. 2000, bls. 3359 (154/2000) (Sorplosun í vörugám)* þar sem vikið var frá kröfum um sönnun á atviki að tjóni. Tjónþoli rann í bleytu við að losa sorp í vörugám. Krafðist viðkomandi bóta á þeim grundvelli að aðstæður á vettvangi væru á ábyrgð vinnuveitanda. Framburður tjónþola var lagður til grundvallar um atvik að slysi og um saknæmi vinnuveitandans, sem vanrækti að tilkynna slysið og að tryggja rannsókn á málsatvikum. Vinnuveitandinn andmælti að vísu ekki sérstaklega málsatvikum, en hafði uppi andmæli við málsástæðum, sem reistar voru á lýsingu tjónþola á atvikum.³²

Slakað hefur verið á sönnunarkröfum um tjón og fjárhæð tjóns, eins og áður segir, í tilvikum þegar reynir á skaðabótaábyrgð sérfræðings. Samkvæmt réttarframkvæmd hefur þannig nægt að sýna fram á bótagrundvöllinn, þ.e. að tjón hafi orðið. Í tilvikum sem þessum dæma dómstólar bætur að álitum. Einnig eru þess dæmi í réttarframkvæmd að dómstólar fallist á að dæma bætur, þótt ekki séu leiddar sönnur að ákveðnu fjártjóni, en vissulega skal

²⁹ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 216.

³⁰ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 216.

³¹ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 216.

³² Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 216.

hafa það í huga að meginreglan er sú að tjónþoli þurfi að sanna fjártjón sitt til að fá bætur³³ sbr. *H. 2001, bls. 244 (262/2000) (Vanræksla lögmanna)*. Í málinu krafði P tvo lögmenn um skaðabætur vegna vanrækslu þeirra í störfum fyrir hana. Málavextir voru þeir að P veitti lögmanni Hr umboð til að gæta hagsmuna sinna vegna slyss sem hún varð fyrir við vinnu hjá PO. Hr lét svo af rekstri lögmannsstofu sinnar og tók dóttir hans Ha við málinu. Ha fyrirförst í kjölfarið að höfða mál þrátt fyrir að fengist hefði gjafsóknarleyfi, auk þess sem ekki var lýst kröfu í þrotabú PO fyrir en mánuði eftir lok kröfulýsingarfrests. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að nægar líkur væru að því leiddar, m.a. vegna ungs aldurs tjónþola, að P hefðu verið dæmdar bætur að einhverju leyti hefði kröfum hennar verið haldið til haga. Var Hr og Ha gert að greiða bætur *in solidum* þar sem meta bæri störf þeirra beggja fyrir P í heild, en ekki sundurgreint. Bæturnar voru metnar að álitum.

Í þessum dómi var vikið að ríkri ábyrgð lögmanna og greinilega slakað á sönnunarkröfum um fjárhæð tjóns, þ.e. ekki sannað hversu háa upphæð P hefði mögulega fengið dæmda í bætur, og bætur því metnar að álitum.

Dómstólar hafa einnig í dómaframkvæmd slakað á sönnunarkröfum um orsakatengsl tjóns og saknæmrar háttsemi þegar um samband sérfræðings og tjónþola ræðir. Þessi afbrigðilega beiting sönnunarreglna er ívilnandi gagnvart tjónþola og ber talsvert á henni í málum er varða bótaábyrgð lækna og sjúkrastofnana. Þó eru einnig dæmi um samsvarandi beitingu á öðrum sviðum þar sem reynir á bótaábyrgð sérfræðinga³⁴ sbr. *Hrd. 2001, bls. 244 (262/2000) (Vanræksla lögmanna)* sem er áður reifaður, en Hæstiréttur vísaði í rökstuðningi sínum til þeirrar ríku ábyrgðar sem lögfræðingar bera gagnvart skjólstæðingum sínum og að líkur hefðu verið á að P hefðu verið dæmdar bætur að einhverju leyti hefði kröfum hennar verið haldið til haga, m.a. sökum ungs aldurs tjónþola. *Nægar líkur* þóttu þannig hafa verið leiddar að því að P hefði orðið fyrir tjóni sökum athafnaleysis A og B. Eins og sjá má af rökstuðningi Hæstaréttar í þessum dómi þá var ekki talið sannað að tjónþoli hefði fengið bætur heldur einungis að það hefði verið líklegt.

Þegar um sérfræðiábyrgð er að ræða, leiðir allt gáleysi að jafnaði til skaðabótaábyrgðar og hinar ströngu kröfur varðandi sakarmatið eiga bæði við um tjón á hagsmunum skjólstæðings sérfræðingsins sem og hagsmunum þriðja manns. Almennt er viðurkennt í skaðabótarétti að ríkari kröfu um vinnubrögð megi gera hjá sumum starfsstéttum en öðrum. Um þessar starfsstéttir gilda oft ákveðin lög og þessar auknu kröfur um vönduð vinnubrögð eiga sér að jafnaði stoð í þessum lögum. Slík lagastoð er þó ekki algild og stundum eiga auknar kröfur

³³ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 216-217.

³⁴ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 217-218.

rætur að rekja til annarra atriða.³⁵ Starfsstéttir sem búa við sérstök lög eru til að mynda endurskoðendur, lækna og lögmenn.

4 Lögmenn

Lögmaður, sem í starfi veldur öðrum manni tjóni á eignum eða líkama, ber bótaábyrgð samkvæmt venjulegum ábyrgðarreglum skaðabótaréttar. Lögmansábyrgð sem slík felst hins vegar einungis í hreinu fjártjóni og einkennist ábyrgðin af samningi lögmans um að taka að sér vissa þjónustu, yfirleitt gegn gjaldi. Þetta samningssamband lögmans og skjólstæðings veldur því að sjónarmið um bótaábyrgð lögmansins gagnvart skjólstæðingnum eru um margt ólík því sem ella væri. Samningssambandið getur ýmist verið þess valdandi að auknar kröfur séu gerðar til háttsemi lögmans, eða í öðrum tilvikum að lögmaður, vegna samningsins, sé ekki talinn bera ábyrgð. Þetta verður þó að skoða í hverju tilviki fyrir sig.³⁶

Oft getur verið ókleift að taka afstöðu til þess hvort háttsemi lögmans sé sagnæm nema fyrir liggi beinar athafnaskyldur á honum samkvæmt samningi, sbr. *Hrd. 21. október 2010 (36/2010) (Mistök lögmans)* þar sem m.a. þótti ekki sannað gegn andmælum lögmans að hann hefði átt að gera annað og meira í þágu viðskiptavinar en að sækja þing og óska eftir að meðferð kröfu við gjaldþrotaskipti yrði frestað.

Samningar segja oft ekki berum orðum um skyldur lögmans og viðskiptavinar hans, en af samningssambandinu má draga vissar ályktanir og jafnframt eru samningar lögmanna túlkaðir með hliðsjón af þeim lögum og reglum sem gilda um stéttina. Dæmi um það eru lög um lögmenn nr. 77/1998 og siðareglur Lögmannafélags Íslands, Codex ethicus. Ef frávik eru gerð á faglegum vinnubrögðum lögmans, annaðhvort þannig að ábyrgðin sé ríkari eða vægari en almennt gengur og gerist, þarf slíkt að koma skýrt fram í samningi.

4.1 Réttarreglur

4.1.1 Lög um lögmenn

Lög nr. 61/1942 báru heitið lög um málflytjendur. Í frumvarpi til laga nr. 77/1998 var hins vegar lagt til heitið lög um lögmenn. Þótti það heiti eiga betur við í ljósi þess í frumvarpinu var fjallað um samskipti lögmanna við viðskiptavini sína, dómstóla og stjórnvöld, en ekki aðeins þann þátt starfsins er sneri að málflytningi.³⁷

³⁵ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 200.

³⁶ Gestur Jónsson: „Skaðabótaábyrgð lögmanna“, bls. 155-156.

³⁷ Alþt. 1997-98, A-deild, bls. 758.

Lögum um lögmenn nr. 77/1998, hér eftir lml., er skipt upp í sex kafla. Allt frá almennum ákvæðum upp í sérstækari. Í 1. gr. laganna skilgreint hverjir geti talist lögmenn. Segir þar að með lögmanni sé átt við þann sem hefur leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður eða héraðsdómslögmaður. Í 2. gr. laganna er svo kveðið á um einkarétt lögmanna til að gæta hagsmuna aðila fyrir dómi, þ.e. ef aðili máls eða fyrirsvarsmaður aðila fer ekki sjálfur með mál sitt.

Í II. kafla laganna er fjallað um Lögmannafélag Íslands og úrskurðarnefnd lögmanna. Lögmenn eru skyldaðir til félagsaðildar í Lögmannafélagi Íslands sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Úrskurðarnefnd lögmanna er sjálfstæð nefnd sem starfar á vegum LMFÍ og hefur lögsögu yfir lögmönnum er starfa hér á landi sbr. 3. mgr. 3. gr. lml. Nánar verður vikið að starfsemi nefndarinnar síðar.

IV. kafli laganna fjallar um störf lögmanna og hefur hann mesta þýðingu við mat á því hvort lögmaður hafi sýnt af sér gáleysi og geti borið bótaábyrgð á störfum sínum, eftir atvikum sérfræðiábyrgð. Segir t.d. í 18. gr. laganna að lögmönnum beri í hvívetna að rækja af alúð þau störf sem þeim er trúað fyrir og neita allra lögmætra úrræða til að gæta lögvarinna hagsmuna umbjóðenda sinna. Þarna er m.a. verið að vísa til þess að lögmaður sinni máli nægilega vel, þ.e. kanni málsatvik, gögn sem fyrir hann eru lögð og kalli eftir atvikum eftir betri upplýsingum eða fleiri gögnum sem upp á vantar. Auk þess verður lögmaður að gæta að öðrum atriðum svo sem hvort fyrningarfrestir séu að renna út eða annað slíkt, þannig að grípa þurfi til skjótra úrræða. Í 22. gr. er vikið að þagnarskyldu lögmanns um hvaðeina það sem honum er trúað fyrir í starfi sínu og 24. gr. kveður á um að lögmanni sé rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín. Ef lögmaður áskilur sér hærra endurgjald en almennt er gert t.d. vegna sérfræðimenntunar lögmanns á því réttarsviði sem hann fæst við er eðlilegt að gera ríkari kröfur til hans en ella væri.

Í 25. gr. lml. er svo vikið að bótaábyrgð lögmanna. En þar segir að lögmaður beri bótaábyrgð á störfum sínum og starfsmanna sinna eftir almennum bótareglum, þ.e. sakarreglan er að jafnaði grundvöllur bótaábyrgðar lögmanna. Í 2. mgr. sömu greinar er kveðið á um skyldu lögmanna til að hafa í gildi ábyrgðartryggingu hjá váttryggingarfélagi vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum þeirra eða starfsmanna þeirra. Að lokum er lögmanni sbr. 4. mgr. 25. gr. heimilað með samningi um ákveðið verk, að takmarka hámark bótaskyldu sinnar vegna rækslu þess við tiltekna fjárhæð sem nemi að minnsta kosti lágmarki ábyrgðartryggingar sbr. 3. mgr. 25. gr. laganna. Slík takmörkun bindur aðeins viðsemjanda lögmanns og getur ekki náð til annars tjóns en þess sem stafar af einföldu

gáleysi. Þarna er um að ræða mjög þrönga heimild lögmanns til að takmarka ábyrgð sína vegna mistaka í starfi.

Lögmaður hefur heimild, sbr. 1. mgr. 11. gr. lml., til að ráða til sín fulltrúa að uppfylltum frekari skilyrðum. Í 3. mgr. 11. fr. kemur svo fram að lögmaður ber ábyrgð á fjárvörslu slíks starfsmanns síns, svo og fébótaábyrgð á störfum hans að öðru leyti. Ef mistök verða af hálfu fulltrúa lögmanns verður að telja samkvæmt þessu að lögmaður beri bótabyrgð og bótagrundvöllur slíkrar ábyrgðar sé vinnuveitendaábyrgð.

Í sambandi við sérfræðiábyrgð lögmannna er einnig rétt að nefna V. kafla laganna sem fjallar um ágreining um störf lögmannna. Í kaflanum er fjallað um heimild umbjóðenda lögmannna til að leggja mál sem ágreiningur er um fyrir úrskurðarnefnd lögmannna og ýmis atriði því tengd. Úrskurðarnefndin leysir úr málum eftir ákvæðum lögmannalaga sbr. 3. mgr. 3. gr. lml.

4.1.2 Siðareglur lögmannna

Á fyrstu áratugum eftir stofnun Málflutningsmannafélags Íslands, síðar LMFÍ, voru uppi ýmsar vangaveltur um hvort setja ætti lögmonnum siðareglur. Ekkert varð úr því fyrr en árið 1960 þegar siðareglur LMFÍ voru samþykktar, Codex ethicus. Þrátt fyrir að engar skráðar siðareglur hafi verið til fyrir þann tíma er ljóst að til staðar voru margar óskráðar siðareglur sem lögmenntöldu sér skylt að fara eftir.³⁸

Siðareglur lögmannna eru settar af LMFÍ samkvæmt heimild í 2. mgr. 5. gr. lml. Fjalla þær um þann sóma sem starfsmenn eiga að sýna réttarkerfinu, m.ö.o. það sem lögmannastéttin telur almennt felast í því að vera góður lögmaður. Siðareglurnar eru mótaðar af lögmonnum og hafa áhrif á samskipti lögmannna, t.d. við dómstóla og viðskiptavinum.³⁹

Siðareglur LMFÍ hafa tekið ýmsum breytingum frá því að þær voru samþykktar, einkum árið 1978 er þær sættu gagngerri endurskoðun. Þá voru siðareglurnar meðal annars samræmdar siðareglum norrænna lögmannafélaga og gildandi óskráðar reglur um góða lögmannshætti voru festar á blað til áréttingar.⁴⁰

Siðareglur LMFÍ skiptast í sjö kafla og fjallar annar kafli þeirra um skyldur lögmannna gagnvart viðskiptavinum sínum. Segja má að sá kafli endurspegli í reynd hvað felst í

³⁸ Marteinn Másson: „Siðareglur lögmannna“, bls. 251.

³⁹ Garðar Gíslason: „Siðareglur lögmannna og dómstólar“, bls. 246-247.

⁴⁰ Marteinn Másson: „Siðareglur lögmannna“, bls. 252.

sérfræðiábyrgð lögmanna. Hins vegar segir einnig í 41. gr. reglnanna að ekki megi skoða þær sem tæmandi talningu á góðum lögmansháttum.⁴¹

4.1.3 Úrskurðarnefnd lögmanna

Upphaflega fór stjórn LMFÍ með þau kærumál sem bárust félaginu. Með lögum 34/1942 var dómsvald stjórnar LMFÍ fellt niður í kærumálum og málum er vörðudu störf lögmanna og málflutningsþóknun. Þessi breyting var rökstudd í greinargerð þannig að vafi væri á hvort það samræmdist alþjóðlegum skuldbindingum að stjórnin færi með þetta vald. Með lögmannaálagnum nr. 77/1998 var breytingin staðfest og voru þessi verkefni falin sérstakri fimm manna úrskurðarnefnd. Lögmannafélagið kýs tvo nefndarmenn, einn er tilnefndur af Dómarafélagi Íslands, einn af dómsmálaráðherra og að lokum einn af Hæstarétti.⁴²

Úrskurðarnefnd lögmanna er sjálfstæð úrskurðarnefnd samkvæmt 3. mgr. 3. gr. lml., og leysir úr málum eftir ákvæðum sömu laga. Nefndin fer að stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 nema annað leiði af ákvæðum V. kafla lögmannaálags sem þýðir m.a. að rannsóknarregla stjórnarsýslulaga á við um störf nefndarinnar.

Í 3. gr. reglna um meðferð mála fyrir úrskurðarnefnd lögmanna segir að hlutverk nefndarinnar sé í *fyrsta lagi* að fjalla um ágreining milli lögmanns og umbjóðanda um þóknun lögmannsins, enda sé ágreiningnum skotið til nefndarinnar af öðrum hvorum málsaðila, þ.e. nefndin hefur samkvæmt framangreindu ekki heimild til að taka upp af sjálfsdáðum mál er varðar slíkan ágreining. Í *öðru lagi* fjallar nefndin um kvartanir á hendur lögmanni vegna háttsemi sem gæti verið andstæð lögum eða siðareglum LMFÍ. Í *þriðja* og síðasta lagi fjallar nefndin um það ef ágreiningur verður varðandi skilning á siðareglunum.

Flest mál sem koma á borð úrskurðarnefndar LMFÍ fjalla um meint brot á góðum lögmansháttum og berast í formi skriflegrar kæru eða álitsbeiðni. Flest erindin koma frá umbjóðendum lögmanna, stundum öðrum lögmönnum, en sjaldan frá öðrum en þessum aðilum.⁴³ Meðferð mála fyrir úrskurðarnefnd fer eftir stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 nema annað leiði af ákvæðum V. kafla lml. Ákvarðanir úrskurðarnefndarinnar sæta hvorki málskoti til LMFÍ né stjórnarsýslukæru sbr. 4. gr. lml. Í þeim málum sem úrskurðarnefnd tekur fyrir getur hún fundið að vinnubrögðum eða háttsemi lögmanns eða veitt honum áminningu sbr. *úrskurður úrskurðarnefndar LMFÍ 18. mars 2011 (8/2010)* þar sem lögmanni urðu á mistök við áfrýjun máls. Málið sætti flýtimeðferð eftir ákvæðum XIX. kafla laga nr. 91/1991 um

⁴¹ Marteinn Másson: „Siðareglur lögmanna“, bls. 252, og siðareglur Lögmanna, Codex ethicus.

⁴² Davíð Þór Björgvinsson: “Lögmannafélag Íslands 90 ára – söguágrip”, bls. 289.

⁴³ Marteinn Másson: „Siðareglur lögmanna“, bls. 253.

meðferð einkamála. Að mati nefndarinnar voru þessi mistök aðfinnsluverð og var tekið fram að grundvallarskylda lögmanns gangvart skjólstæðingi væri jafnan að forðast að valda honum réttarspjöllum sbr. II. kafla siðareglna lögmannna. Í *úrskurði úrskurðarnefndar LMFÍ 12. júlí 2007 (21/2006)* þótti brot lögmanns vera öllu alvarlegra. Í málinu var annars vegar kvartað yfir því að lögmaður hefði ekki sinnt ítrekuðum beiðnum kæranda um að senda yfirlit vegna þeirra innheimtumála, sem honum var falið að annast, og hins vegar að lögmaður hefði aldrei gert upp mál við kæranda þrátt fyrir að hafa tekið við greiðslum í ýmsum málum. Úrskurðaði nefndin að lögmaður sætti áminningu fyrir brot á 14. og 15. gr. siðareglna lögmannna.

Ef sakir eru miklar eða lögmaður hefur ítrekað sætt áminningu getur nefndin í rökstuddu álitum lagt til við ráðherra að lögmannsréttindi viðkomandi verði felld niður tímabundið eða hann sviptur réttindum ef sakir eru miklar. Ef framangreint er skoðað sést að úrskurðarnefndinni er ekki heimilt að gera lögmanni að greiða skaðabætur vegna háttsemi sinnar sbr. 14. gr. lml.

4.1.4 Þýðing siðareglna við mat á sök

Eins og áður sagði er skaðabótaskylda lögmannna á tjóni sem þeir valda í starfi sínu byggð á sakarreglunni, en sakarmatið er strangt. Þegar bótaábyrgðin er metin má fullyrða að siðareglur lögmannna hafi mikla þýðingu, en sama gildir einnig um aðrar starfsstéttir er hafa slíkar siðareglur. Til nánari skýringar á því hvaða máli siðareglurnar skipta við mat á bótaskyldu lögmannna ber að hafa í huga að til að lögmaður sé bótaskyldur á grundvelli sakarreglunnar, verður háttsemin að byggjast á sök, þ.e. *saknæmi* eða *ólögmæti*, nema einhverjar hinna hlutrænu ábyrgðarleysisástæðna eigi við. Þar af leiðandi hefur það úrslitapýðingu að meta hvort háttsemi lögmanns sé saknæm og besta leiðin til að skera úr um það er að kanna hvort í háttsemi felist brot á skráðum réttarreglum í þrengri merkingu, m.ö.o. lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum. Háttsemi lögmanns sem færi gegn viðurkenndum venjum myndi einnig teljast saknæm. Dómstólar hafa þó talið háttsemi saknæma þrátt fyrir að hún sé í samræmi við venjuhelgaðar reglur ef tilefni þykir til að gera strangari kröfur en felast í venjureglunum⁴⁴ sbr. *Hrd. 1955, bls. 88 (Uppskipun)*. Þar var um að ræða slys við uppskipunarstörf. Kom meðal annars fram í álitum dómkvaddra matsmanna að verkið hefði verið framkvæmt samkvæmt venju en að hægt væri að bæta aðstöðuna með því að hafa palla við hlið bifreiðanna er uppskipun færi fram. Í dómi héraðsdóms sem staðfestur var af Hæstarétti var niðurstaðan sú að ekki hefði verið gætt nægilega vel að öryggi í umbúnaði eins

⁴⁴ Viðar Már Matthíasson: „Brot á siðareglum lögmannna og skaðabótaábyrgð vegna þeirra“, bls. 248-249

og gera yrði kröfu til. Sagði svo í dómnum að það gæti ekki leyst stefnda undan ábyrgð í þessu sambandi þó að umbúnaður hefði verið venjulegur við slíka vinnu.⁴⁵

Þegar venjum og skráðum réttarreglum sleppir er oftast miðað við þá háttsemi sem ætla má að *bonus pater* myndi viðhafa við þær aðstæður sem um ræðir. Notkun þessa mælikvarða hefur verið á undanhaldi seinustu ár, að undanskildum þeim stéttum sem starfa samkvæmt sértækum siðareglum, eins og t.d. lögmenn. Má segja að siðareglur lögmanna séu eins konar mælikvarði á það hvernig góður og gegn lögmaður skuli haga störfum sínum, þótt reglurnar séu ekki tæmandi. Siðareglurnar eru því mikilvægar við mat á því hvort háttsemi lögmans, er valdið hefur tjóni, sé saknæm eða ekki. Ennfremur eykur það vægi siðareglanna að þær eru ekki aðeins almennar reglur, sbr. 1. gr. reglnanna, heldur felast í þeim sértækar reglur sem geyma fyrirmæli um góða háttsemi lögmanna í störfum sínum. Samkvæmt þessu má ætla að ef lögmaður brýtur gegn siðareglum sé nærtækt að ætla að háttsemin yrði talin saknæm af dómstólum og þar af leiðandi einnig mögulega bótaskyld.⁴⁶

4.2 Sérfræðiábyrgð lögmanna

Hægt er að skipta störfum lögmanna í tvennt, annars vegar ráðgjöf og hins vegar framkvæmd verks.⁴⁷ Líkt og í dönskum, norskum og sænskum rétti fer meginreglan um bótaábyrgð lögmanna vegna tjóns sem verður vegna mistaka í starfi, eftir sakarreglunni. Það er tjón sem verður vegna þess að lögmaður sýnir ekki næga aðgæslu eða hagar ekki störfum sínum eins og góður og gegn lögmaður, *bonus pater*, myndi gera í sambærilegu tilfelli.⁴⁸

Ráðgjöf lögmans til viðskiptavinar getur verið af ýmsum toga, en hin dæmigerða sérfræðiráðgjöf snýr að lögfræðilegum atriðum. Oft er þó leitað til lögmanna með efni sem snertir aðeins óbeint sérfræðimenntun þeirra. Dæmi um það eru viðskiptaleg og jafnvel persónuleg málefni. Ef til bótaskyldu lögmanna kæmi vegna ráðgjafar sem félli ekki beinlínis undir sérfræðimenntun þeirra yrði sakarmatið að líkindum þannig að sakarreglunni yrði beitt með hefðbundnum hætti, þ.e. matið yrði ekki strangt eins og þegar um sérfræðiábyrgð er að ræða. Ástæða þess að ekki yrði beitt strangara mati er sú að ráðgjöfin fellur ekki innan þess sviðs sem lögmaður hefur sérfræðiþekkingu á. Það verður engu að síður að skoða í hverju tilviki fyrir sig hvort viðskiptavinur hefði mátt ætla að lögmaður hefði sérfræðiþekkingu á

⁴⁵ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 190-192. Almenn umfjöllum um þýðingu venju við mat á hvort háttsemi tjónvalds sé saknæm.

⁴⁶ Viðar Már Matthíasson: „Brot á siðareglum lögmanna og skaðabótaábyrgð vegna þeirra“, bls. 248-249.

⁴⁷ A. Vinding Kruse: *Advokatansvaret*, bls. 12.

⁴⁸ A. Vinding Kruse: *Advokatansvaret*, bls. 13.

álítaefninu. Sérfræðiábyrgð lögmanna á þannig einungis við þegar gefin er lögfræðileg ráðgjöf.⁴⁹

Umfjöllun um sérfræðiábyrgð lögmanna í skrifum íslenskra fræðimanna hefur verið sett fram með svipuðum hætti og A. Vinding Kruse gerir í bók sinni *Advokatansvaret*. Umfjöllun þar er skipt upp í ráðgjöf um ótvíræð lögfræðileg atriði, ráðgjöf um vandasöm lögfræðileg atriði og að lokum ábyrgð á framkvæmd einstakra starfa.

4.2.1 Ráðgjöf um ótvíræð lögfræðileg atriði

Lögmaður getur orðið bótaskyldur vegna rangra upplýsinga til viðskiptavinar, um ótvíræð og augljós atriði sem lögfræðingar eiga almennt að hafa vitneskju um. Má sem dæmi nefna ef lögmaður segir að engu máli skipti að þinglýsa afsali af fasteign⁵⁰ eða ef lögmaður velkist í vafa um lögræðisaldur.⁵¹ Í *Hrd. 20. október 2011 (721/2010) (Kaupsamningur)*, sem reifaður verður síðar, kemur fram að lögmaður hafi upplýst viðskiptavin sinn um mikilvægi þinglýsingar. Þótti það m.a. vera til rökstuðnings þess að lögmaður hefði sinnt lögbundnum skyldum sínum gagnvart viðskiptavini.

Ef lögmaður veitir ófullnægjandi ráðgjöf getur hann skapað sér bótaskyldu ef önnur bótaskilyrði eru fyrir hendi s.s. ef nægileg orsakatengsl eru milli sannaðs tjóns og ráðgjafar.⁵² Lögmaður getur einnig orðið bótaskyldur vegna ráðgjafar um ótvíræð atriði þótt þau séu ekki almennt þekkt meðal lögmanna. Þá kröfu verður að gera að lögmaður þekki eða afli sér upplýsinga áður en hann gefur ráð um slík atriði. Að síðustu geta sömu sjónarmið átt við ef ráðgjöf snýr að ólögfestum atriðum sem skýr dómafordæmi liggja fyrir um.⁵³

4.2.2 Ráðgjöf um vandasöm lögfræðileg atriði

Hin stranga ábyrgð þarf ekki að eiga við um öll störf lögmanna. Stundum veitir lögmaður aðeins ráðgjöf um flókin lögfræðileg efni þar sem engin leið er að sjá fyrir um niðurstöðuna.⁵⁴ Ástæðan kann að vera sú að ekki sé hægt að upplýsa öll málsatvik áður en ráðgjöf er veitt eða að niðurstaðan ræðst af framtíðarþróun, t.d. verðbréfa, sem ekki verður séð fyrir nema að vissu marki.⁵⁵ Þegar hvorki dómafordæmi né lagaákvæði eru skýr um álítaefnið sem lögmaður fæst við hverju sinni þarf að stíga varlega til jarðar við að slá því föstu að ráðgjöf

⁴⁹ Gestur Jónsson: „Skaðabótaábyrgð lögmanna“, bls.161-162.

⁵⁰ Gestur Jónsson: „Skaðabótaábyrgð lögmanna“, bls. 162.

⁵¹ Arnljótur Björnsson: „Stutt yfirlit um skaðabótaskyldu lögmanna og önnur bótaúrræði“, bls. 81.

⁵² Arnljótur Björnsson: „Stutt yfirlit um skaðabótaskyldu lögmanna og önnur bótaúrræði“, bls. 81.

⁵³ Gestur Jónsson: „Skaðabótaábyrgð lögmanna“, bls.162.

⁵⁴ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 201 og Gestur Jónsson „Skaðabótaábyrgð lögmanna“, bls. 163.

⁵⁵ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 201-202

hans hafi verið áfátt.⁵⁶ Í slíkum tilvikum verður að ætla lögmanni ákveðið svigrúm, enda óraunhæft að gera þá kröfu að hann segi fyrir um rétta niðurstöðu, heldur einungis að hann stundi rétt og vönduð vinnubrögð og geri viðskiptavinum sínum grein fyrir að óvíst sé um niðurstöðumálsins.⁵⁷ Hér þarf vissulega að hafa í huga, sem endranær, að dómstólar einir skera úr um rétta niðurstöðu.

Sakarmatið í málum sem varða vandasöm lögfræðileg álitaefni verður að meta eftir aðstæðum hverju sinni. Mjög mismunandi getur verið hversu mikils hver viðskiptavinur ætlast til af lögmanni sínum. Sumir biðja aðeins um lauslega athugun en aðrir kunna að æskja rækilegrar athugunar, jafnvel skriflegri álitsgerð. Spurning um sök lögmanns vaknar ekki nema í ljós komi að skoðun hans hafi verið röng, til dæmis á réttarreglu eða dómafordæmum.⁵⁸

Í *Hrd. 20. október 2011 (721/2010) (Kaupsamningur)* var kaupsamningur gerður um fasteign sem síðar var seld var á nauðungaruppboði. Viðskiptavinur lögmanns var kaupandi eignarinnar og krafðist bóta úr hendi lögmannsins. Ekki þótti sýnt fram á að lögmaður hefði brotið af sér í starfi m.a. vegna þess að nægilega þótti sannað að hlutverk hans fólst einungis í því að færa samning aðila á skriflegt form, auk þess sem hann benti viðskiptavinum á þýðingu þess að seljandi eignarinnar var ekki þinglýstur eigandi. Þessi dómur er dæmi um að hlutverk lögmanns getur verið mismunandi eftir hversu mikils viðskiptavinur ætlast til af lögmanni sínum. Í þessu tilviki var hlutverk lögmanns mjög takmarkað og þar af leiðandi var ekki sýnt fram á sök lögmanns og skilyrði bótaábyrgðar af þeim sökum ekki uppfyllt.

Eins og áður sagði eru það aðeins dómstólar sem skera úr um lögfræðilega rétta niðurstöðu. Vafi um túlkun dómafordæma eða lagaákvæða leysir lögmann þó ekki undan ábyrgð vegna lögfræðilegrar ráðgjafar. Þá kröfu verður að gera til lögmanns að hann beiti aðferðum sem gegn og skynsamur lögmaður myndi beita, auk þess sem gera verður kröfu um eðlilega þekkingu og könnun á því réttarsviði er snýr að álitaefninu. Lögmaður verður líklega ekki talinn bótaskyldur fyrir það að mat hans sé ekki í samræmi við niðurstöðu dómstóla. Lögmanni verða að hafa orðið á slík mistök eða yfirsjónir við matið að það sé bersýnilega í ósamræmi við skoðun, sem almennt og augljóslega myndi fást við fræðilega könnun á réttarheimildum og lögskýringargögnum. Samkvæmt þessu er lögfræðilegt mat ekki „rangt“,

⁵⁶ Gestur Jónsson: „Skaðabótaábyrgð lögmannna“, bls. 162.

⁵⁷ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 202

⁵⁸ Arnljótur Björnsson: „Stutt yfirlit um skaðabótaskyldu lögmannna og önnur bótaúrræði“, bls. 82.

eða réttara sagt ekki sagnæmt, ef lögfræðingur kannar rækilega lagagrundvöll og eftir atvikum dómafordæmi og fræðirit, og leggur að því loknu, fram rökstudda ályktun um álitæfnið.⁵⁹

Framangreint ber þó ekki að skilja svo að lögmaður geti aldrei veitt lögfræðilegt álit án undangenginna víðtækra rannsókna á viðkomandi sviði, lögskýringargagna, dómafordæma og þar fram eftir götunum. Frekar ber að líta svo á að lögmaður láti ekki í ljós að álit hans sé annað og meira en það er. Þannig ætti lögmaður t.d. að gefa álit með þeim fyrirvara, að um óljóst lögfræðilegt álitæfni sé að ræða og að annað gæti komið í ljós við nánari könnun. Lögmaður getur þannig gefið álit á grundvelli eigin þekkingar og reynslu, án þess að með því sé hann að kalla yfir sig víðtæka bótaábyrgð. Einnig getur það skipt máli við sakarmatið ef lögmaður gefur í skyn að niðurstaðan sé fengin á grundvelli sérstakrar sérfræðiþekkingar eða vandaðs undirbúnings án þess að nokkuð sé rétt í þeim efnum. Slíkt getur aukið líkur á að bótaábyrgð falli á lögmann.⁶⁰

Þegar ekki liggur fyrir skýr afstaða dómstóla til þess álitæfnis er lögmaður hefur til úrlausnar þá er, samkvæmt framangreindu, að öllum líkindum ekki unnt að leggja bótaábyrgð á lögmann á grundvelli þess að hann hafi ekki unnið starf sitt nægilega vel. Slíkt á við ef ályktun er rökstudd með viðunandi hætti og niðurstaða fundin með viðurkenndum aðferðum. Niðurstaða af bótakröfu sem sett væri fram á slíkum grundvelli yrði því að sýkna lögmann.⁶¹

4.2.3 Ábyrgð á framkvæmd einstakra starfa

Lögmaður skapar sér ekki bótaskyldu fyrir þær sakir einar að tapa máli fyrir dómstólum. Skilyrði bótaábyrgðar er sök, eins og áður hefur komið fram.⁶² Lögmaður ber ábyrgð á að inna vel af hendi þau verk sem hann tekur að sér. Ef tjón hlýst af því að lögmaður vanrækir þau verk sem hann hefur tekið að sér, getur bótaábyrgð stofnast gagnvart viðskiptavini. Sama á við ef lögmaður vinnur verk ekki samkvæmt góðum lögmannssiðum,⁶³ sbr. 18. gr. lml. sem segir að öllum lögmonnum *beri* að rækja störf sína af alúð og neyta allra lögættra úrræða til að gæta lögvarinna hagsmuna umbjóðenda sinna.

Sama gildir í Danmörku um bótaábyrgð lögmannna, en þar er lögmaður almennt skaðabótaskyldur þegar hann lætur hjá líða að afgreiða mál eða ef afgreiðsla er röng, nema lögmaður sanni að honum verði ekki kennt um athafnaleysið eða hina röngu afgreiðslu.

⁵⁹ Gestur Jónsson: „Skaðabótaábyrgð lögmannna“, bls. 163.

⁶⁰ Gestur Jónsson: „Skaðabótaábyrgð lögmannna“, bls. 162.

⁶¹ Arnljótur Björnsson: „Stutt yfirlit um skaðabótaskyldu lögmannna og önnur bótaúrræði“, bls. 82.

⁶² Arnljótur Björnsson: „Stutt yfirlit um skaðabótaskyldu lögmannna og önnur bótaúrræði“, bls. 83.

⁶³ Gestur Jónsson: „Skaðabótaábyrgð lögmannna“, bls. 164.

Aðeins sérstakar aðstæður, t.d. að skrifstofa lögmanns brennur, geta leyst hann undan bótaskyldu.⁶⁴

Lögmaður er almennt bótaskyldur samkvæmt framangreindu ef máli er t.d. vísað frá vegna þess að lögmaður hefur ekki gætt réttarfarsreglna og skjólstæðingur hans verður þess vegna fyrir einhverskonar réttarspjöllum. Sama gildir ef lögmanni verða á mistök eða yfirsjónir í tengslum við framkvæmd, t.d. vegna þess að lögmaður bókar ranglega dagsetningu vegna þinghalds svo að útivist verður í málinu eða ef lögmaður gleymir kröfulið eða vaxtakröfu. Einnig gæti verið uppi í málinu að lögmaður gleymi að sækja einn gagnaðila af tveimur eða fleiri.⁶⁵

Í *Hrd. 20. október 2011 (721/2010) (Kaupsamningur)*, sem áður var nefndur, krafði R sf. lögmanninn J um skaðabætur vegna meintra mistaka við gerð kaupsamnings. Málavextir voru þeir að J hafði milligöngu um fasteignakaup milli R sf. og K ehf. Sú milliganga fólst í því að J færði í formlegan búning skilmála þá sem R og S hefðu komið sér saman um vegna kaupanna. Upplýst var í málinu að J hefði aflað þinglýsingarvottorðs í tengslum við skjalagerðina og útskýrt fyrir K þýðingu þess að seljandinn væri ekki þinglýstur eigandi fasteignarinnar. Í kjölfar undirritunar samningsins ætlaði forsvarsmaður R sf. að þinglýsa kaupsamningnum en tókst ekki þar sem þinglýstur eigandi hafði ekki undirritað skjalið. Eignin var svo seld á nauðungaruppboði sökum skulda þinglýsts eiganda, en R sf. fékk ekkert í sinn hlut af uppboðsandvirði eignarinnar. Þar að auki var kaupsamningurinn ekki undirritaður á skrifstofu J og engar greiðslur fóru þar fram. Hæstiréttur staðfesti sýknudóm sem féll í héraði með svofelldum rökstuðningi:

Með vísan til þess sem hér var rakið þykir stefndi hafi [sic] sýnt fram á, að hlutverk hans í tengslum við umrædd fasteignakaup hafi verið afmarkað og að meint tjón áfrýjanda verði ekki rakið til vanrækslu stefnda á lögbundnum skyldum sínum í samræmi við það hlutverk sem kaupsamningsaðilar fólu honum. Að þessari niðurstöðu fenginni eru hvorki efni til umfjöllunar um hvert meint fjártjón áfrýjanda kann að vera né hvort hugsanleg bótakrafa hans á hendur stefnda sé fallin niður fyrir tómlæti áfrýjanda. Verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms því staðfest.

Í þessum dómi kemur skýrt fram að hlutverk lögmannsins var takmarkað og sneri aðeins að skjalagerðinni. Sýnt þótti nægilega fram á að lögmaðurinn hefði sinnt starfi sínu í samræmi við þau lög og reglur sem gilda um lögmennt.

⁶⁴ Arnljótur Björnsson: „Stutt yfirlit um skaðabótaskyldu lögmannna og önnur bótaúrræði“, bls. 81.

⁶⁵ Arnljótur Björnsson: „Stutt yfirlit um skaðabótaskyldu lögmannna og önnur bótaúrræði“, bls. 83.

Í tveimur eftirfarandi dómum Hæstaréttar var talið sannað að lögmenn hefðu sýnt af sér vanrækslu í starfi, en hins vegar voru þeir sýknaðir af bótakröfu þar sem ekki þótti sannað að tjón hefði hlotist af sökum vanrækslu þeirra.

Í *Hrd. 2004, bls. 3433 (139/2004) (Umferðarslyss)* segir að K hafi leitað til lögmannsins Þ árið 1996 vegna umferðarslyss sem hún hafði lent í árið 1987. Þ ritaði tryggingarfélaginu S hf. bréf vegna þessa, en aðhafðist svo ekkert frekar í málinu fyrr en árið 1999. Tryggingarfélagið S hf. vísaði þá til þess að krafa K væri fyrnd. K taldi sig hafa orðið fyrir tjóni sökum vanrækslu Þ sem leitt hefði til þess að hún hefði orðið af tryggingabótum vegna slyssins. Í málinu var hins vegar talið ósannað að K hefði hlotið varanlega örorku í umræddu slysi og því hafi lögvarin krafa hennar á hendur tryggingarfélaginu verið fyrnd tveimur árum áður en K leitaði til lögmannsins. Samkvæmt því var ekki fyrir hendi tjón sem Þ gæti verið bótaskyldur fyrir. Af þeim sökum var lögmaðurinn sýknaður af kröfu K.

Í *Hrd. 21. október 2010 (36/2010) (Mistök lögmanns)* var staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu lögmanns af kröfu um skaða- og miskabætur. Taldi S sig hafa orðið fyrir tjóni vegna mistaka J. S taldi mistökin annars vegar hafa falist í því að J sótti ekki þing við fyrirtöku um gjaldþrotaskipti á búi hans og óskað þar eftir frestun á meðferð kröfunnar í samræmi við beiðni S. Hins vegar að J hafi gert mistök við að hefja ekki undirbúning nauðasamningsumleitana fyrir S við skiptin. J viðurkenndi mistök sín við að láta hjá líða að mæta á dómþing þegar gjaldþrotaskiptakrafan var tekin fyrir. Aftur á móti greindi aðila á um hvort J hefði verið falið að aðhafast eitthvað frekar á því stigi, auk þess sem J taldi að sér hefðu ekki orðið á mistök varðandi nauðasamningsumleitunir. Í dómi Hæstaréttar sagði að ekki hefðu verið nokkrar líkur á því að unnt hefði verið að forða S frá gjaldþrotaskiptum með því að fá meðferð kröfu um gjaldþrotaskipti frestað um einn mánuð. Af þeim sökum var tjón ekki talið sannað vegna þessara mistaka lögmanns. Þá var talið, þrátt fyrir að J hefði með réttu borið að halda hagsmunum áfrýjanda fram af meiri festu gagnvart skiptastjóra, að frekari aðgerðir hefðu engu breytt um síðari framvindu málsins. Kröfu S um skaðabætur fyrir fjártjón var því hafnað, en jafnframt var talið að ekki væru skilyrði til að fallast á kröfu um miskabætur.

Athyglisvert er að í forsendum Hæstaréttar er vísað í *úrskurð úrskurðarnefndar LMFÍ 6. apríl 2006 (8/2005)* þar sem nefndin taldi að stefnda hefðu orðið á aðfinnsluverð mistök með því að hafa annars vegar ekki sótt þing við fyrirtöku kröfu um gjaldþrotaskipti og hins vegar að hafa dregið að hefjast handa við undirbúning nauðasamningsumleitana fyrir hann. Síðan er rakið að áfrýjandi hefði fengið dómkvaddan matsmann til að meta tjón sem hefði orðið vegna þeirra mistaka sem úrskurðarnefnd lögmanna taldi stefnda hafa orðið á. Niðurstaða þess mats

var að tjón S af vanrækslu J við að mæta við fyrirtöku gjaldprotaskipta fælist í því að trésmíðavélar í eigu S hefðu verið seldar lægra verði en nam matsvirði þeirra og einnig að tjón vegna vanrækslu stefnda að framfylgja ósk S um nauðasamningsumleitanir hefðu falist í að trésmíðavélar S sem seldar voru of lágu verði við gjaldprotaskiptin. Í dómi Hæstaréttar segir svo orðrétt:

Gegn andmælum stefnda hefur áfrýjandi ekki sannað að hann hafi falið þeim fyrrnefnda að gera annað og meira í sína þágu en að sækja þing og óska eftir að meðferð kröfunnar yrði frestað. Samkvæmt 3. mgr. 70. gr. laga nr. 21/1991 hefði slík frestun verið háð því að sá lánardrottinn áfrýjanda, sem krafðist gjaldprotaskiptanna, væri henni samþykkur. Áfrýjandi hefur ekkert leitast við að leiða í ljós hvernig hlutaðeigandi lánardrottinn hefði brugðist við ef stefndi hefði sótt þing og óskað eftir fresti. Að auki verður að gæta að því að samkvæmt gögnum málsins stóð á þessum tíma yfir nauðungarsala á fasteign áfrýjanda, sem var fram haldið og lokið eftir að bú hans var tekið til gjaldprotaskipta, og árangurslaust fjárnám hafði verið gert hjá honum. Að virtu því ásamt fyrrgreindum upplýsingum um eignir áfrýjanda við upphaf skipta verður ekki séð að nokkrar líkur hefðu staðið til þess að fært hefði verið að forða honum frá gjaldprotaskiptum með því að fá meðferð kröfu um þau frestað í allt að einn mánuð. Af þessum sökum hefur áfrýjandi ekki sannað að hann hafi orðið fyrir tjóni þótt stefnda hafi orðið á þau mistök við gæslu hagsmuna hans, sem hér um ræðir.

Hér vaknar vafi um það hvort Hæstiréttur beiti í raun ströngu sakarmati eins og alla jafna gildir um sérfræðiábyrgð, heldur virðist sem sakarreglunni sé beitt með hefðbundnum hætti, enda segir síðar í dóminum:

Gegn andmælum stefnda hefur áfrýjandi ekki sannað að hann hafi falið þeim fyrrnefnda að gera annað og meira í sína þágu en að sækja þing og óska eftir að meðferð kröfunnar yrði frestað.

Að þessu virtu má velta því fyrir sér, hversu ríkar kröfur eru gerðar til viðskiptavinar lögmanns um sönnun. Miðað við góða starfshætti lögmanns ber honum alla jafna að ræða um framvindu máls sem hann hefur takið að sér fyrir viðskiptavin sbr. 18. gr. lml.:

18. gr. Lögmönnum ber í hvívetna að rækja af alúð þau störf sem þeim er trúað fyrir og neyta allra lögmætra úrræða til að gæta lögvarinna hagsmuna umbjóðenda sinna.

Ekki er þó svo að lögmenn verði aldrei bótaskyldir sbr. *Hrd. 2001, bls. 244 (262/2000)* (*Vanræksla lögmanna*) sem áður er reifaður, en þar voru tveir lögmenn dæmdir bótaskyldir vegna vanrækslu. Í því máli vanrækti Ha, sem tók við máli af Hr, að höfða mál og lýsti ekki heldur kröfu í þrotabú sem tekið var til gjaldprotaskipta, fyrr en mánuður var liðinn frá lokum kröfulýsingarfrests. Þóttu nægar líkur leiddar að því að P hefði orðið fyrir tjóni sökum athafnaleysis Ha og Hr og voru þau dæmd til að bera halla af sönnunarskorti um að svo hefði ekki verið. Störf Hr og Ha voru metin sem ein heild og af þeim sökum var þeim gert að greiða

P bætur *in solidum*. Bæturnar voru metnar að álitum. Ef dómsforsendur eru skoðaðar sést greinilega að um sérfræðiábyrgð er að ræða sökum vanrækslu lögmannanna:

Í ljósi ungs aldurs áfrýjanda er tjónið varð og lýsingar hennar á aðdraganda slyssins að öðru leyti þykir, með hliðsjón af dómum Hæstaréttar í málum vegna slysa á börnum og unglíngum við sambærileg störf, verða að fallast á það með áfrýjanda að líkur séu fyrir því að hún hefði fengið dæmdar bætur að einhverju leyti úr hendi vinnuveitanda síns, hefði kröfum hennar gagnvart honum verið haldið til laga. Þar sem svo var ekki gert þykja nægar líkur hafa verið leiddar að því að áfrýjandi hafi orðið fyrir tjóni sökum athafnaleyfis stefndu og verða þau að bera halla af sönnunarskortum um að svo hafi ekki verið. (leturbr. höf.)

Dómurinn er skýr um að nægar líkur séu leiddar til þess að P hefði fengið bætur, jafnvel þó slíkt hafi ekki verið sannað. Hæstiréttur hliðrar hér greinilega sönnunarreglum tjónþola í hag, sökum þess að lögmaður lét hjá líða að sinna verkum sem honum bar, eðli máls samkvæmt, að sinna.

Hrd. 1993, bls. 2030 (248/1992) (Vinnulaun) er dæmi um bótaskyldu lögmanns sökum vanrækslu. Í málinu taldi Æ lögmanninn JO hafa valdið sér tjóni á saknæman hátt með því að sinna ekki lögmannskyldum sínum við innheimtu kröfu um vinnulaun á hendur Ó, vinnuveitanda Æ. Lögmaðurinn hélt því fram að hann hefði ekki getað sinnt innheimtunni vegna ónógra upplýsinga sem hann hefði margbeðið Æ um að bæta úr. Í dómi Hæstaréttar sagði að J hefði sem lögmaður tekið að sér að innheimta laun sem Æ taldi sig eiga inni hjá vinnuveitanda sínum. Í því fólst meðal annars að afla upplýsinga um málið. Ekki var annað talið koma fram í málinu en að halda hefði mátt innheimtunni til haga, ef stefndi hefði sinnt skyldum sínum. Auk þess sem bent var á að JO hefði átt að segja sig frá málinu með ótvíræðum hætti, ef hann teldi sig ekki geta unnið að málinu, svo að Æ hefði átt þess kost að leita til annars lögmanns. Af þessum sökum var JO dæmdur skaðabótaskyldur.

5 Samantekt

Í upphafi ritgerðarinnar er farið stuttlega yfir þróun sem orðið hefur á starfsvettvangi lögmannna frá upphafi 20. aldar. Fjallað er almennt um bótagrundvöllinn en ítarlegar er farið í þá ábyrgð er snýr að lögönnum. Sérfræðipekking lögmannna er það sem einkennir störf þeirra fyrst og fremst og ástæða þess að viðskiptavinir leita til þeirra. Starfsábyrgð lögmannna er skyld ábyrgð annarra sjálfstætt starfandi sérfræðinga. Ef lögönnum, eða öðrum sérfræðingum, verður á í starfi er það sakarreglan sem er bótagrundvöllur ábyrgðarinnar. Sakarreglan er meginreglan um bótagrundvöllinn í skaðabótarétti og felst í meginatriðum í því að tjónvaldur ber bótaábyrgð á tjóni sem hann veldur með saknæmum eða ólögætum hætti. Þegar um sérfræðiábyrgð er að ræða er sakarreglunni þó ekki beitt með hefðbundnum

hætti, heldur er talað um að henni sé beitt með ströngum hætti. Merking þess orðalags felur það í sér að lítið þarf út af að bregða til að háttsemin sé metin sagnæm í ljósi sérfræðipækkningarinnar. Sönnunarkröfum um bótagrundvöllinn er hliðrað tjónþola í vil og er mikilvægt að líta til þriggja atriða þegar sönnunarreglum er hliðrað með þessum hætti: í fyrsta lagi þarf að liggja fyrir sönnun um atvik; í öðru lagi sönnun um tjón og fjárhæð tjóns; og í þriðja lagi er slakað á sönnun um orsakatengsl. Rökin fyrir beitingu sönnunarreglna með þessum hætti eru þau að sérfræðingur stendur að jafnaði betur að vígi en tjónþoli við að tryggja sér sönnun um málsatvik.

Hin eiginlega lögmansábyrgð felst einungis í hreinu fjártjóni og einkennist ábyrgðin af samningi lögmans um að taka að sér vissa þjónustu, venjulega gegn gjaldi. Gjaldtakan er þó ekki forsenda fyrir ábyrgðinni en getur verið vísbending um efni samningsins. Samningssambandið veldur því að sjónarmið um bótaábyrgð lögmans gagnvart skjólstæðing getur ýmist verið ríkara eða takmarkaðri en almennt gerist, en meta þarf slíkt hverju sinni með hliðsjón af samningi aðila. Oft getur verið ókleift að taka afstöðu til þess hvort háttsemi lögmans sé sagnæm nema fyrir liggi beinar athafnaskyldur á lögmanni samkvæmt samningi. Þeir samningar sem lögmaður og viðskiptavinur gera sín á milli segja ekki alltaf berum orðum fyrir um skyldur lögmans. En þegar slíkt er ekki skýrt af samningi, þá er aðallega lítið til laga um lögmennt nr. 77/1998 og siðareglna Lögmannafélags Íslands, Codex ethicus.

Úrskurðarnefnd lögmanna er sjálfstæð úrskurðarnefnd sem leysir úr málum eftir ákvæðum laga um lögmennt. Flest mál sem nefndinni berast fjalla um meint brot á góðum lögmansháttum og koma flest málin frá umþjófðendum lögmanna. Úrskurðarnefndin sker þó ekki úr um hvort lögmaður sé skaðabótaskyldur vegna háttsemi sinnar. Í þeim málum sem úrskurðarnefndin tekur fyrir getur hún fundið að vinnubrögðum lögmans eða veitt honum áminningu. Ef sakir eru miklar eða lögmaður hefur ítrekað sætt áminningu getur nefndin í rökstuddu áliti lagt til við ráðherra að lögmansréttindi viðkomandi lögmans verði felld niður tímabundið eða hann sviptur réttindum ef sakir eru miklar sbr. 14. gr. lml.

Einungis dómstólar skera úr um hvort lögmennt teljist bótaskyldir vegna háttsemi sinnar. Hæstiréttur hefur þó vísað til úrskurða úrskurðarnefndar LMFÍ í málum er snúa að skaðabótaskyldu lögmanna sbr. *Hrd. 21. október 2010 (26/2010) (Mistök lögmans)*

Áfrýjandi mun 8. febrúar 2005 hafa borið fram kvörtun á hendur stefnda við úrskurðarnefnd lögmanna, sem taldi í úrskurði 6. apríl 2006 að stefnda hafi orðið á aðfinnsluverð mistök með því að hafa annars vegar ekki sótt þing við fyrirtöku kröfu um gjaldþrotaskipti á búi áfrýjanda og hins vegar dregið að hefjast handa við undirbúning nauðasamningsumleitana fyrir hann.

Segir svo síðar í dóminum:

Af þessum sökum hefur áfrýjandi ekki sannað að hann hafi orðið fyrir tjóni þótt stefnda hafi orðið á þau mistök við gæslu hagsmuna hans, sem hér um ræðir.

Hér virðist Hæstiréttur staðfesta úrskurð úrskurðarnefndar LMFÍ um að háttsemi lögmanns væri aðfinnsluverð. Lögmaður var þó ekki talinn bótaskyldur þar sem ekki voru talin orsakatengsl milli tjóns og vanrækslu lögmanns.

Aftur á móti var í *Hrd. 2004, bls. 3433 (139/2004) (Umferðarslys)* lögmaður sýknaður af bótakröfu viðskiptavinar K þar sem bótakrafan var fyrnd og þar af leiðandi aldrei stofnast lögarin krafa á hendur tryggingafélaginu. Í aðdraganda málsins hafði K leitað til úrskurðarnefndar LMFÍ sem komst að þeirri niðurstöðu að aðgerðarleysi lögmanns í hagsmunagæslu fyrir hönd stefnanda „vegna hættu á fyrningu bótakröfu“ hafi verið aðfinnsluverð. Hvorki er vikið að þessum úrskurði í niðurstöðum héraðsdóms né Hæstaréttar. Af þessu má draga þá ályktun að ef bótakrafan hefði ekki verið fyrnd er K leitaði til lögmannsins þá gæti aðgerðarleysi hans vegna þessa mögulega verið bótaskyld.

Í *Hrd. 1993, bls. 2030 (248/1992) (Vinnulaun)* þótti tjón sannað sökum þess að lögmaður hélt störfum sínum ekki til haga við innheimtu vinnulauna. Var lögmaðurinn dæmdur skaðabótaskyldur vegna þessa. Siðareglur lögmannna voru lagðar fyrir réttinn í málinu, en ekki var vísað til þeirra í forsendum dómsins.

Í *Hrd. 2001, bls. 244 (262/2000) (Vanræksla lögmannna)* var vísað til siðareglna LMFÍ sbr.

Lögmenn bera ríka ábyrgð gagnvart skjólstæðingum sínum, eins og aðrir sérfróðir menn, sem taka að sér gegn gjaldi ýmis konar sérfræðipjónustu og stunda þá starfsemi sem sjálfstæðan einkaátvinnurekstur. Í siðareglum lögmannna segir meðal annars að lögmaður skuli leggja sig fram um að gæta hagsmuna skjólstæðinga sinna og að lögmanni beri að leita samþykkis skjólstæðings, ef fela þarf mál hans öðrum lögmanni.

Í þessum dómi var ekki sannað að P hefði fengið greiddar bætur, heldur einungis nægar líkur leiddar að því. Má því segja að þessi dómur sé ekki alveg í samræmi við hina tvo framangreindu hvað varðar sönnun á tjóni. Ástæða þess gæti verið sú að litið var til ungs aldurs P með hliðsjón af fordæmum Hæstaréttar vegna slysa á unglíngum og börnum við sambærileg störf.

Af skoðun á dómafordæmum er hægt að sjá að Hæstiréttur lítur til siðareglna Lögmannafélags Íslands og laga nr. 77/1998 um lögmann við mat á því hvort háttsemi lögmanns sé saknæm eða ólögmat. Eðlilega er sakarreglunni því beitt með ströngum hætti. Þó eru dæmi um að Hæstiréttur virðist fremur beita sakarreglunni með hefðbundnum hætti, þ.e. sakarmat er ekki strangt *Hrd. 21. október 2010 (36/2010) (Mistök lögmanns)*. Það eitt að lögmaður hafi ekki hagað störfum sínum sem skyldi nægir ekki til að skaðabótaskylda

lögmanns stofnast, meira þarf til þess. Orsakatengsl milli tjóns og háttsemi lögmanns þurfa að vera til staðar, en auk þess þarf að vera ljóst að sá sem krefst bóta af hendi lögmanns verður sannanlega að hafa orðið fyrir tjóni *Hrd. 2004, bls. 3433 (139/2004) (Umferðarslys)*. Af framangreindu virtu verður að athuga að hvert mál er sérstakt og ber að skoða með hliðsjón af atvikum hverju sinni.

HEIMILDASKRÁ

Alþingistíðindi.

A. Vinding Kruse: *Advokatansvaret*. 5. útgáfa. Kaupmannahöfn 1985.

Arnþjótur Björnsson: „Stutt yfirlit um skaðabótaskyldu lögmanna og önnur bótaúrræði“. *Tímarit lögfræðinga*, 2. tbl. 1993. bls. 77-98.

Arnþjótur Björnsson: *Skaðabótaréttur. Kennslubók fyrir byrjendur*. 2. útgáfa. Reykjavík 1999.

Ásgeir Thoroddsen: „Lögmannafélag Íslands 90 ára“. *Tímarit lögfræðinga*, 4. tbl. 2001. bls. 259-262.

Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára – söguágrip“. *Tímarit lögfræðinga*, 4. tbl. 2001. bls. 263-324.

Garðar Gíslason: „Siðareglur lögmanna og dómstólar“. *Úlfjótur*, 2. tbl. 1998. bls. 246-247.

Gestur Jónsson: „Skaðabótaábyrgð lögmanna“. *Tímarit lögfræðinga*, 3. tbl. 1993.

Gizur Bergsteinsson: „Nokkur sjónarmið í skaðabótarétti“. *Úlfjótur*, 3. tbl. 1963, bls. 87-108.

Marteinn Másson: „Siðareglur lögmanna“. *Úlfjótur*, 2. tbl. 1998. bls. 250-255.

Oddný M. Arnardóttir: „Um samningssamband lögmanns og viðskiptavinar hans“. *Úlfjótur*, 3. tbl. 1994.

Viðar Már Matthíasson: „Brot á siðareglum lögmanna og skaðabótaábyrgð vegna þeirra“. *Úlfjótur*, 2. tbl. 1998. bls. 357-392.

Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*. Reykjavík 2005.

DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar:

Hrd. 1955, bls. 88

Hrd. 1993, bls. 2030 (248/1992)

Hrd. 2000, bls. 3359 (154/2000)

Hrd. 2001, bls. 244 (262/2000)

Hrd. 2004, bls. 3433 (139/2004)

Hrd. 21. október 2010 (36/2010)

Hrd. 20. október 2011 (721/2010)

Hrd. 8. desember 2011 (277/2011)

Úrskurðir úrskurðarnefndar LMFÍ:

Úrskurður úrskurðarnefndar LMFÍ 18. mars 2011 (8/2010)

Úrskurður úrskurðarnefndar LMFÍ 12. júlí 2007 (21/2006)

Úrskurður úrskurðarnefndar LMFÍ 6. apríl 2006 (8/2005)

LAGASKRÁ

Lög nr. 32/1905

Lög nr. 61/1942

Lög nr. 77/1998

Siðareglur Lögmannna, Codex ethicus